



# Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2009 – 2010

---

## Almennt

Enn einu starfsári Steinsteypufélagsins er nú lokið. Og þrátt fyrir að félagið sé að nálgast fertugsaldurinn eru engin ellimerki á því. Fyrirfram var óttast að þetta starfsár myndi vera þungt vegna þess kreppuástands sem ríkir í byggingariðnaðinum. En þótt allt hafi ekki gengið upp sem reynt var voru stóru atburðirnir afar vel heppnaðir.

Að venju fjallar skýrsla stjórnar um starfsárið frá aðalfundi til aðalfundar en reikningar framkvæmdastjórans eru fyrir almanaksárið, nú fyrir árið 2009.

## Skipan stjórnar

Tvær breytingar voru á stjórninni milli ára. Guðmundur Guðmundsson kaus að ganga úr stjórn og Kai Westphal hætti vegna fjögurra ára reglunnar. Formaður var eins og tvö síðustu ár Einar Einarsson, Gylfi M Einarsson varaformaður og aðrir stjórnarmenn Jón Möller, Björn Hjartarson og Þorbjörg Hólmgeirsdóttir en tvö þau síðastnefndu komu ný inn í stjórnina. Framkvæmdastjóri félagsins var Indriði Níelsson.

## Haustfundur um sement

Fyrsti fundur starfsársins var um sement. Hann var haldinn í matsal IAV í vinnubúðum við Tónlistarhúsið. Fundurinn var vel sóttur og fjörugur. Eftir vel heppnuð erindi þar sem Stefan Kubens fjallaði almennt um sement, Ólafur Wallevik um mengun og Kyoto og Bjarni Halldórsson og Gunnar H Sigurðsson um framleiðslu fyrirtækja sinna, voru líflegar umræður. Þar var rætt m.a. um:

- möguleika á notkun raforku í sementsframleiðslu,
  - um brennslu úrgangs í stað kola, þar sem hægt er að slá tvær flugur í einu höggi,
  - mismunandi eiginleika þeirra sementsgerða sem eru á markaðnum á Íslandi,
  - stöðu sementssölufyrirtækjanna og hættu á því að þessi fyrirtæki hverfi af markaðnum með tilheyrandi tapi á þekkingu og verðmætum. Mjög alvarlega staða er hjá þessum fyrirtækjum því markaðurinn hefur dregist saman og er nú aðeins um 30% af því sem hann var og erfitt er að fá hærri verð í þessu ástandi,
  - notkun kísilryks í sement, sem eykur verulega gæði sementsins einkum þar sem eru alkalívirkt fylliefni,
  - að sement á íslenska markaðnum séu hágæðasement,
  - að út frá gæðasjónarmiði geti borgað sig að hafa hæggarðnandi sement en markaðurinn vill hið gagnstæða.
  - notkun á t.d. beinamjöli í sement sem er ekki í gangi í sementi á Íslandi
- Í lok fundar var farið í skoðunarferð um Tónlistarhúsið undir stjórn Tryggva Jónssonar.



## Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2009 – 2010

---

### Námskeið um niðurlögn steypu

Steinsteypufélagið reyndi á starfsárinu samstarf við Iðuna og fleiri starfsmenntafélög. Hugmyndin var sú að á gera peningalitlum byggingarfyrirtækjum kleift að endurmennta starfsmenn sína með hjálp starfsmenntasjóða. Á námskeiðið í nóvember skráðu sig 15 manns og það fannst okkur Steinsteypufélagsmönnum lítið og flautuðum námskeiðið af. Seinna fréttum við að þetta væri afar góð aðsókn. En ljóst er samt að breyta þarf á einhvern hátt formi þessara námskeiða til að fá betri þáttöku.

### Steinsteypudagur 2010

Mikil aðsókn var að Steinsteypudegi 2010, um 140 manns sem gerir hann líklega að næstfjölsóttasta Steinsteypudegi frá upphafi. Aðeins Steinsteypudagurinn 2008 var fjölmennari. Til að lækka kostnað var ákveðið að birta fyrirlestrana á vef félagsins en auk þess var boðið upp á kreppuaðgang, þar sem menn gátu sleppt mat eða mætt aðeins á hálfan dag. Var þannig unnt að lækka ráðstefnugjaldið.

Dagskráin var mjög fjölbreytt. Hófst með fyrirlestrum um rannsóknir og steypufræði þar sem Ólafur Wallevik, Jón Axel Jónsson, Helgi Hauksson og Sigurður Áss Grétarsson fluttu erindi um íblöndunarefni, vibrun, áhrif hörðunaraðstæðna og steypuprófanir fyrir Landeyjarhöfn. Eftir kaffi var Sigrúnu Sigurhjartardóttur afhent nemendaverðlaunin og hún sagði frá verkefni sínu um prófun á samvirkni ásteypulags og holplatna, Kai Westphal fjallaði um sjónsteypur, Guðni Jónsson um Leiðnisteypur og Steindór Guðmundsson um hljóðhönnun í Tónlistarhúsi.

Eftir hádegisverð sagði prófessor Kristian Hertz frá ofurléttum byggingum, Leifur Skúlason frá plötu í Bílakjallara í Austurhöfn sem er undir vatnsþrýstingi og Ómar Örn Ingólfsson frá botnrás Ufsarstíflu.

Síðasti liðurinn var síðan umfjöllun um stöðu byggingariðnaðans. Sverrir Bollason greindi frá rannsókn VSÓ ráðgjöf á byggingamarkaðnum og sagði frá að ríflega 1100 íbúðir væru tilbúnar eða langt komnar á Reykjavíkursvæðinu. Síðan voru pallborðumræður með þáttöku iðnaðarráðherra Katrínar Júlíusdóttur, Guðmundar Bjarnasonar forstjóra Íbúðalánasjóðs, Hauks Magnússonar framkvæmdastjóra tæknisviðs ÍAV og Sverris Kristinssonar fasteingasala á Eignamiðlun. Var umræðan líflega og skemmtileg þótt ekki sé hægt að segja að vandamál iðnaðarins hafi verið leyst.



## Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2009 – 2010

---

### Steinsteypuverðlaunin 2010

Dagskrá Steinsteypudags endaði síðan með að forseti Íslands afhenti Steinsteypuverðlaunin 2010 fyrir besta mannvirki síðustu fimm ára. Tillaga um þessi verðlaun kom fram hjá Ólafi Wallevik á síðasta aðalfundi og stjórn félagsins tók tilögumni að sjálfsgöðu vel. Veitt skyldi viðurkenning fyrir mannvirki þar sem saman færi frumleg og vönduð notkun á steinsteypu í manngerðu umhverfi.

Við valið var haft að leiðarljósi að mannvirkið:

- sé að uppistöðu til úr steinsteypu
- sé framúrskarandi vegna arkitektúrs, verkfræðilegra lausna og handverks
- búi yfir frumleika og endurspegli þekkingu í meðferð og notkun steinsteypu
- auðgi umhverfið, inniberi gæði, glæsileik og nytsemi og sýni augljósan metnað í samhengi við umhverfi sitt
- sé byggt á síðustu fimm árum og í notkun

Viðurkenningin var veitt mannvirkinu og þeim aðilum sem að því standa, svo sem verkkaupa, hönnuðum og framkvæmdaaðilum.

Starfshópur sá um vinnuna í kringum verðlaunin og valdi mannvirkið eftir að leitað hafði verið eftir tilnefningum frá verk- og tæknifræðingum, arkitektum, listamönnum og iðnaðarmönnum í gegnum samtök þeirra og frá skipulags- og bygginganefndum. Starfshópurinn var skipaður Þorbjörgu Hólmgeirsdóttur, frá Steinsteypufélagi Íslands sem var formaður, Ólafi Wallevik frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Jóhannesi Þórðarsyni frá Listaháskóla Íslands, Birni Marteinsyni frá Verkfræðingafélagi Íslands og Þórhalli Sigurðssyni frá Arkitektafélagi Íslands.

Alls bárust tilnefningar um 22 mannvirki. Af mörgum sérlega góðum tilnefningum sem bárust urðu göngubrýr yfir Njarðargötu og Hringbraut fyrir valinu. Bæði hönnun og handverk eru til fyrirmyndar og þykja þær því verðugar þessarar viðurkenningar. Það voru fulltrúar verkkaupanna Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, arkitektanna Studio Granda, verkfræðihönnuða frá Eflu og vektakanna Háfells og Eyktar sem veittu verðlaununum móttöku. Steinsteypuverðlaunin 2010 voru styrkt af Íbúðalánasjóði og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.



## Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2009 – 2010

---

### Fréttabréf

Eins og síðustu 2 ár gaf Steinsteypufélagið út vandað fréttabréf í upphafi árs. Auglýsingum var eins og áður safnað til að standa straum af útgáfunni og voru bæði auglýsingar og greinar fleiri en nokkru sinni. Var greinilega meiri ásókn í að koma að greinum í blaðið en áður.

Vegna þess hve blaðið er athyglisvert og til að draga að auglýsendur var ákveðið að auka dreifinguna á blaðinu og fengu það nú auk félaga í Steinsteypufélaginu byggingaverkfræðingar á lista Vfí.

### Starfshópar

Steinsteypufélagið hefur stofnað nokkra starfshópa til að vinna að ýmsum málum.

Starfshópur sem reiknar hagkvæmni steyptra slitlaga hefur lokið störfum að sinni. Þessi hópur var undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar stjórnamanns. Verkefnið var styrkt af Vegagerðinni en Ásbjörn Jóhannesson hjá NMÍ sá um útreikningana og skýrlugerð. Skýrslan sem kom út á árinu var áfall fyrir steypu í vegi. Þrátt fyrir mikla hækkun á verði malbiks þá batnaði ekki samkeppnisstaða hennar því viðhald veganna er mun dýrara en malbikaðra vega og járnun steypunnar hleypti verðinu upp. Sótt var um framhaldsstyrk til Vegagerðarinnar til að líta nánar á þessi atriði en umsókninni var hafnað. Ljóst er að eitthvað nýtt þarf að koma til, til að gera þennan valkost freistandi. Hins vegar var töluvert rætt í nefndinni að ýta við sementsfestum sem gæti verið freistandi möguleiki á móti malbiksfestum.

Steinsteypufélagið hefur einnig starfshóp sem hefur að markmiði að kanna áhrif mismunandi vibratora á eiginleika steypunnar en einnig að meta hve blaut steypa megi vera. Steinsteypunefnd tók þetta verkefni upp á verkefnalista sinn og einnig er það styrkt af BM Vallá og Steypustöðinni. Helgi Hauksson verkfræðingur á NMÍ vann verkefnið og var gerð skýrsla og verkefnið kynnt á Steinsteypudegi. Framhaldsstyrkur hefur verið veittur til að taka á þeim atriðum sem út af þóttu standa í fyrri hlutanum.



## Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2009 – 2010

---

Eins og áður hefur komið fram vann starfshópur undir stjórn Þorbjargar Hólmgeirsdóttur að Steinsteypuverðlaununum 2010. Einnig eru starfshópar sem vinna að þjóðarskjölum við EN 206 og annar sem vinnur að verklýsingum fyrir steypu.

### Norrænt samstarf

Norrænt samstarf var á síðasta ári hefðbundið. Steinsteypufélagið er aðili að tveim nefndum annars vegar er Norræna steypuvísindanefndin (NBFK, Nordisk betong forskningskomite) sem heldur tvo fundi á ári og hins vegar Samband norrænu steinsteypufélaganna (NBF, Nordisk betongforbund) sem heldur einn fund á ári.

Þessi starfsemi er í afar föstum skorðum hjá félögum okkar á Norðurlöndum og litlar breytingar ártugum saman. Börge Wigum er fastafulltrúi Steinsteypufélagsins í Vísindanefndinni ásamt Jóni Wallevik fyrir hönd Steinsteypunefndar.

Hvorki framkvæmdastjóri né formaður sóttu norræna fundi á erlendri grundu á þessu ári í sparnaðarskyni. Má segja að núverandi formaður hafi ekki sinnt þessu samstafi nægjanlega til að lágmarka kostnað.

Við hrun íslensku krónunnar nánast tvöfaldaðist kostnaður félagsins við þetta samstarf og var orðinn umtalsverður hluti af veltu félagsins. Formaður hafði því samband við okkar norrænu félag og þeir samþykktu að lækka gjald Íslands um helming.

### Vefurinn

Á það hefur verið lögð áhersla að halda vef Steinsteypufélagsins við. Það gerir okkur mögulegt að spara fjármuni með því að sleppa við að gefa út gögn og gott er að þar liggi allar upplýsingar um félagið. Þó ekki sé líklegt að margir lesi að staðaldri heimasíðuna þá er samt gott að sífelld komi þar nýjar upplýsingar inn. Þetta höfum við orðið varir við þegar blaðamenn eru að fletta upp félaginu og sjá að það er mikið líf á síðunni og þá jafnframt í félaginu.

### Að lokum



## Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2009 – 2010

---

Það er komið að lokum formannstíð minni í Steinsteypufélaginu, því ég á að víkja úr stjórn vegna reglunnar um að stjórnarmaður skuli ekki sitja í stjórn í meira en fjögur ár samfleytt. Ég hef marglýst því yfir að ég tel þetta ákvæði laga félagsins mikilvægt til að halda lífinu í félaginu og til að tryggja ferskleika þess og endurnýjun. Ég kvarta því ekki.

Ég get ekki sagt að ég hafi komið inn í stjórnina með fastmótaðar hugmyndir um hvernig ég vildi þróa Steinsteypufélagið í minni stjórnartíð en var samt ákveðinn að gera mitt besta fyrir félagið og steypuna. Og þegar ég lít til baka verð ég að segja að ég er bara nokkuð montinn af því sem við höfum verið að gera á þessum árum. Við byrjuðum í blússandi uppsveiflu í þjóðfélaginu og Steinsteypudagurinn 2008 er sá stærsti sem haldinn hefur verið. Þar komum við í fyrsta sinn inn með superstjórnuarkitekta og mikinn fjölda erlendra fyrirlesara. En við enduðum í mikilli kreppu 2010 en náðum samt að halda okkar striki en superstjórnuarkitektarnir voru horfnir en í staðinn komin jarðbundnari verkefni.

Ég hef verið með þá stefnu að einskorða ekki félagið við að fjalla aðeins um harðsvíruð steypufræði. Hef viljað breikka umræðuefnið og hópinn sem við stílum á. Hef ekki talið að það myndi skaða steypuumfjöllunina. Ekki eru allir því sammála.

Við höfum verið varkárir í peningamálunum þessi ár. Félagið hefur verið rekið með hagnaði öll árin og peningaeign þess hefur nánast tvöfaldast. Þetta kemur nánar fram í reikningum framkvæmdastjórans. Það er afar mikilvægt fyrir starfsemina að hafa borð fyrir báru til að mæta áföllum. Stjórnarmenn ganga þá óttalausir til verks. Framundan gætu t.d. verið áhættusamar norrænar ráðstefnur. En ég vona að komandi formenn fari ekki með þennan sjóð okkar í einhverja vitleysu.

Það má saka formann um það að hafa ekki sinnt norrænu samstarfi nægjanlega og veit ég að komandi stjórendur eiga eftir að bæta fyrir þá synd.

En þessi árangur okkar er ekki eingöngu mitt verk þó það megi skilja svo hér að framan. Með mér hefur verið einstaklega fínt fólk sem á að sjálfsögðu stærstan hlutann af þessu. Mig langar að lokum að þakka þeim öllum fyrir einstaklega skemmtilegan og frjóan tíma. Ég á eftir að sakna ykkar. Takk fyrir.

28.5.2010

Einar Einarsson, formaður Steinsteypufélagsins



**Skýrsla stjórnar  
Steinsteypufélags Íslands  
starfsárið 2009 – 2010**

---